

Skýlt er þeim sem ætla að sóttgreinsa nýfrjóvuguð hrogn að tilkynna það viðkomandi héraðsdýralækni eða fulltrúa Fisksjúkdómanefndar með rúmum fyrirvara. Kostnað við sóttgreinsun og eftirlit skulu eigendur hrognanna bera.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. maí 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

AUGLÝSING

um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi.

Samkvæmt heimild í 2. grein laga nr. 108 31. desember 1973, sbr. lög nr. 80 23. júní 1969, verður það fyrst um sinn og þar til öðruvísi verður ákveðið, gert að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknisstarfi við heilsugæslustöð fulla 6 mánuði að loknu námi í læknaeild og leggi fram skilríki fyrir þeirri þjónustu.

Auglýsing nr. 63 29. mars 1963, með síðari breytingum, er hér með úr gildi felld. Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldar námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Hjúkrunarskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir, 2. og 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands.

Leiklistarskóli Íslands.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Nýi hjúkrunarskólinn, 2. og 3. ár.

Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni. Vélskólar.

Proskapjálffaskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 17. maí 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Búðahreppi.

1. gr.

Hundahald er bannað í Búðahreppi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd með aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirætlum sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar